



Fréttabréf Vatnsendaskóla

Heil og sæl kærur nemendur, foreldrar og starfsmenn Vatnsendaskóla.

Aðventan er runnin upp og nemendur í 2. Bláklukku búnir að sækja jólatré fyrir skólann að Mógilsá. Skreytingardagur 2. desember og jóladagskrá komin í gang. Jólakaffihús, upplestur, fönður og jólaskemmtanir framundan. Jólasveinaleikar verða 17. desember í Kórnum og verður sá dagur skertur en það er breyting á skóladagatali. 11. desember verður því venjulegur skóladagur samkvæmt stundaskrá.



Opið hús þann 20. nóvember tókst mjög vel. Margir foreldrar komu í heimsókn og unnu verkefni með nemendum sem tengjast Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Réttindi barna og forréttindi voru rædd, spilað á Unicef spil þar sem allar greinar Barnasáttmálans koma fyrir, mismunandi aðstæður barna í heiminum ræddar og t.d. barnaherbergi víða um heiminn skoðuð. Óhætt er að segja að nemendur skólans og foreldrar þekkja nú betur Barnasáttmálann, réttindi barna og ábyrgð.



Nemendur Vatnsendaskóla tóku þátt í Bebras áskoruninni, sjá frétt á heimasíðu <https://www.vatnsendaskoli.is/>. Krökkunum fannst áhugavert að heyra að þeir væru að leysa sömu þrautir og krakkar alls staðar um heiminn. Gaman er að segja frá því að við áttum þátttökumet þar sem allir nemendur á mið- og unglingastigi tóku þátt. Bebras áskorunin er orðin fastur liður í skólastarfi Vatnsendaskóla.

Jólaleyfi hefst að loknum jólaskemmtunum þann 20. desember. Skóli hefst aftur á nýju ári þann 6. janúar samkvæmt stundaskrá.

Jólakveðjur,
stjórnendur Vatnsendaskóla

Vatnsendaskóli er
hnetulaus skóli

Skipulagsdagur
verður fimmtudaginn
3. janúar 2020.

Frístund verður opin
þann dag.



Vatnsendaskóli
Funahvarfi 2
203 Kópavogur

441 4000

vatnsendaskoli@kopavogur.is



Gildi Vatnsendaskóla eru
virðing, vinátta, samvinna
og skapandi starf.